

Val, innritun og nemendasamsetning í framhaldsskólum á haustönn 2020

Í eftirfarandi umfjöllun eru teknar saman tölur um nemendur í íslenskum framhaldsskólum á haustönn 2020. Skipta má samantektinni í umfjöllun um val og innritun nýnema annars vegar og umfjöllun um skráða nemendur í framhaldsskóla hins vegar. Tölurnar miðast við gögn sem sótt voru í Innu, skólakerfi framhaldsskólanna, þann 1. október 2020. Um tvo lista er að ræða sem gerð er grein fyrir aftast í samantektinni. Vísað er í þá sem lista 1 eða 2. Samantektin nær til þeirra 34 framhaldsskóla sem koma fram í listunum.

Í samantektinni er stuðst við ISCED flokkun sem er sambærileg þeirri sem Hagstofa Íslands notar við flokkun gagna um íslenskt skólakerfi. Þetta er nýbreytni í úrvinnslu Menntamálastofnunar og hyggst stofnunin framvegis fylgja þessari flokkun svo að gögn verði betur samanburðarhæf yfir tíma og milli landa. Í flestum tilvikum eru gögnin skoðuð út frá þeim námsleiðum sem nemendur velja sér. Er þeim oftast skipt í *almennt bóknám*, *starfsnám*, *undirbúningsnám* og *starfsbrautir*.

Samkvæmt ISCED flokkuninni er *almennt bóknám* nám á framhaldsskólastigi sem miðar að fræðilegu háskólastigi. Hér er fyrst og fremst um stúdentsbrautir að ræða auk fjarnáms. *Starfsnám* er ýmist skilgreint sem nám á framhaldsskólastigi sem leiðir til starfa á vinnumarkaði eða nám sem byggir ofan á nám á framhaldsskólastigi og leiðir til starfa á vinnumarkaði. *Undirbúningsnám* samanstendur fyrst og fremst af framhaldsskólabrautum og almennum brautum. *Starfsbrautir* eru námsbrautir fyrir fatlaða nemendur.

Hér er ekki um tæmandi úttekt að ræða varðandi tölfræði framhaldsskólanema á haustönn 2020. Aðeins er reynt að draga fram tiltekna mælikvarða sem kunna að varpa ljósi á nemendasamsetningu.


1. Val og innritun nýnema á haustönn 2020

Umsóknartímabil framhaldsskólanema fyrir haustönn hófst 9. mars og lauk 10. júní 2020. Þar af stóð forinnritun nýnema yfir 9. mars til 13. apríl og lokainnritun frá 6. maí til 10. júní. Innritun á starfsbrautir fyrir fatlaða nemendur var reyndar fyrr á ferðinni eða frá 1.-29. febrúar sem virðist leiða til ónákvæmni í gögnum um starfsbrautarnemendur í lista yfir val og innritun nýnema. Því nær þessi hluti samantektarinnar ekki til þeirra, en sjá má gögn um fjölda nemenda á starfsbrautum í nemendalista haustannar 2020 sem fjallað er um aftar í samantektinni.

Með nýnemum er átt við nemendur sem koma beint úr grunnskóla. Um 99% nýnema haustið 2020 eru fæddir árið 2004. Um 1% eru fæddir 2003 eða 2005. Alls sóttu 4.243 nemendur um framhaldsskólavist að starfsbrautarnemendum frátöldum en 4.226 nemendur


innrituðust. Miðað við tölur Hagstofunnar eru 4.521 nemendur fæddir árið 2004. Því lætur nærri að 94% árgangsins hafi innritast í framhaldsskóla.

Á mynd 1 má sjá hvernig val nýnema skiptist á milli almenns bóknáms, starfsnáms og undirbúningsnáms.



Mynd 1. Fyrsta val nýnema á haustönn 2020 greint eftir námsleiðum (byggt á lista 1).


Mynd 2 er sambærileg mynd 1 nema hvað þar má sjá tölur yfir innritun í stað 1. vals. Hlutfall nemenda í undirbúningsnámi er nokkuð hærra í innritunartölunum sem gefur vísbendingu um að viðkomandi nemendur hafi ekki uppfyllt inntökuskilyrði fyrir þær brautir sem sótt var um og því verið innritaðir í undirbúningsnám. Fyrir vikið er hlutfall bóknáms og starfsnáms lægra í innritunartölunum. Nemendur eru jafnan skráðir í undirbúningsnám þangað til þeir hafa náð skilyrðum til að innritast á þá námsbraut sem þeir stefna á.



Mynd 2. Innritun nýnema á haustönn 2020 greind eftir námsleiðum (byggt á lista 1).

Nefna má að allar stúdentsbrautir teljast til bóknáms, þar með taldar listnámsbrautir, tölvubrautir og hönnunarbrautir.


Þegar innritun haustannar 2019 er greind með sama hætti sést að hlutfall starfsnáms eykst lítillega á milli ára, eða úr 13,7% árið 2019 í 15,2% árið 2020. Á sama tíma lækkar hlutfall undirbúningsnáms úr 15% í 12,6% (sjá myndir 2 og 3).



Mynd 3. Innritun nýnema á haustönn 2019 greind eftir námsleiðum.

2. Nemendafjöldi á haustönn 2020


Fjöldi nemenda í íslenskum framhaldsskólum þann 1. október 2020 var 22.644 samkvæmt lista 2 sem gerð er grein fyrir aftast í samantektinni. Sjá má hvernig nemendur skiptast niður á námsleiðir á mynd 4.



Mynd 4. Hlutfall framhaldsskólanema eftir námsleiðum haust 2020 (byggt á lista 2).


Þegar nemendahópurinn er skoðaður í heild sinni sést að hlutfall starfsnámsnemenda er tvöfalt hærra en þegar innritun nýnema er skoðuð ein og sér, sbr. mismun á myndum 2 og 4. Að sama skapi er hlutfall bóknáms töluvert lægra á mynd 4 en á mynd 2. Hafa ber í huga að hér eru nemendur á starfsbraut fyrir fatlaða komnir inn í tölurnar en svo var ekki í val- og innritunartölum nýnema. Fjöldi starfsbrautarnemenda er 520 eða 2,3% af heildarfjölda.

Þegar kynjasamsetning nemendahópsins er skoðuð kemur í ljós að hún er nokkuð ólík á hinum mismunandi námsleiðum eins og sjá má á mynd 5. Þar sést að karlkyns nemendur sækja mun heldur í starfsnám en kvenkyns nemendur. Auk þess er hærra hlutfall karlkyns nemenda í undirbúningsnámi og á starfsbrautum. Kvenkyns nemendur eru hins vegar fjölmennari í almennu bóknámi.




Mynd 5. Kynjaskipting í íslenskum framhaldsskólum eftir námsleiðum (byggt á lista 2).

Á mynd 6 má sjá að ásókn í starfsnám eykst verulega með hækkandi aldri. Það kann að benda til þess að nokkur hluti nemenda hafi ekki unað sér á þeirri námsleið sem valin var í upphafi og fært sig yfir í starfsnám síðar. Áhugavert væri að greina þessa tilfærslu nánar, t.d. skoða hversu hátt hlutfall eldri nema sem færir sig yfir í starfsnám hefur lokið stúdentsprófi.




Mynd 6. Skiptinga nemenda á námsleiðir eftir aldri. Aldur miðast við afmælisdag þegar gögn voru sótt, þ.e. nemandi fæddur 2. okt. 2003 telst vera 16 ára (byggt á lista 2).

Eins og sjá má á mynd 7 er algengast að nemendur séu skráðir á stúdentsbrautir. Skráning er hæst á náttúrufræðibrautir en þar á eftir koma félagsfræðibrautir og opnar brautir til stúdentsprófs. Almennar námsbrautir/framhaldsskólabrautir sigla þar í kjölfarið. Aftar á listanum má sjá starfsnámsgreinar, en þar sem til eru fleiri greinar starfsnáms en bóknáms er viðbúið að færri nemendur skipi sér á hverja og eina þeirra.



Mynd 7. 15 fjölmennustu námsgreinar framhaldsskólanna greint eftir kynjum. Prósentur aftan við nöfn greinanna sýna hlutfall nemenda af heildar nemendafjölda. Tölur aftan við súlur sýna heildarfjölda nemenda í viðkomandi grein (byggt á lista 2).

Á mynd 8 eru 15 fjölmennustu starfsnámsgreinar skoðaðar sérstaklega og sést þá að húsasmíði og rafvirkjun eru fjölmennastar en sjúkraliðanám kemur þar fast á eftir. Á myndinni sést að kynjaskipting í starfsnámsgreinum er mjög áberandi. Greinarnar eru jafnan annað hvort áberandi karlagreinar, s.s. húsasmíði og rafvirkjun, eða áberandi kvennagreinar, s.s. sjúkraliðanám, nudd og snyrtifræði.



Mynd 8. 15 fjölmennustu starfsnámsgreinar framhaldsskólanna greint eftir kynjum. Prósentur aftan við nöfn greinanna sýna hlutfall nemenda af öllu starfsnámi. Tölur aftan við súlur sýna heildarfjölda nemenda í viðkomandi grein (byggt á lista 2).

3. Uppruni gagna

Þær niðurstöður sem hér eru settar fram byggja á úrvinnslu lista sem sóttir voru í Innu, skólakerfi framhaldsskólanna, þann 1. október 2020. Um er að ræða tvo lista sem bera heitin „Listi yfir umsóknir nýnema – val á skólum“ og „Nemendur í námi“.

Listi 1: Listi yfir umsóknir nýnema – val á skólum: Þessi listi gefur yfirlit yfir val og innritun nýnema sem koma beint úr grunnskóla. Þó virðist vera ónákvæmni í gögnum er varða val og innritun á starfsbrautir sem kann að skýrast af því að umsóknartímabili þar lýkur áður en umsóknartímabil fyrir aðrar brautir hefst. Gögn um starfsbrautir voru því tekin úr listanum áður en vinnsla hófst. Í þeim lista sem sóttur var 1. okt. 2020 voru um 99% nemenda fæddir árið 2004 en 1% nemenda fæddir 2003 eða 2005.

Listi 2: Nemendur í námi: listinn gefur yfirlit yfir nemendur sem skráðir eru í framhaldsskóla á tilteknum tímapunkt, í þessu tilfalli 1. okt. 2020. Þar er m.a. að finna upplýsingar um námsbrautir, kyn og aldur nemenda. Tvítæknar kennitölur voru fjarlægðar úr listanum auk nemenda sem skráðir voru í 0 einingar á haustönn 2020 eða á námskeið sem falla utan framhaldsskólans.

Arnar Sigbjörnsson, sérfræðingur hjá Menntamálastofnun, tók umfjöllunina saman í október 2020.